

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 31. október 2008 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-56/2008:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 21. ágúst sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa hans á ísskáp hjá fyrirtækinu Y. Álitsbeiðandi segir ísskápinn vera gallaðan og vill fá kaupverðið endurgreitt.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Kæruneftndin óskaði eftir frekari gögnum frá álitsbeiðanda með bréfi, dags. 12. september sl., og bárust þau nefndinni 22. september. Með bréfi, dags. 23. september, gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 6. október. Andsvör bárust á tilsettum tíma og með bréfi, dags. 15. október sl., var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við þær. Athugasemdir álitsbeiðanda bárust nefndinni 22. október og með bréfi, dags. 23. október sl., var aðilum tilkynnt að málið hefði verið tekið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi segist hafa á árinu 2002 keypt tvöfaldan amerískan ísskáp af gerðinni A hjá Y. Samkvæmt reikningi, dags. 1. nóvember 2002, sem álitsbeiðninni fylgdi, var kaupverð ísskápsins kr. 237.990. Álitsbeiðandi segir að í þau tvö ár sem ísskápurinn hafi verið í ábyrgð hafi hann bilað þrisvar sinnum. Bilunin hafi alltaf lýst sér í því að skápurinn hafi gefið frá sér píphljóð og hætt að kæla. Í öll skiptin hafi hann verið settur í viðgerð hjá fyrirtækinu Z. Álitsbeiðandi segir ísskápinn hafa bilað í fjórða sinn og segir þá ábyrgðartímann hafa verið útrunninn. Ísskápurinn hafi verið sendur Z til viðgerðar og hafi verið skipt um „heila“ í honum. Álitsbeiðandi kveðst hafa greitt helming viðgerðarkostnaðarins að því er sig minni. Eftir þessa viðgerð hafi skápurinn hætt að kæla en á einhvern hátt „aulast“ í gang án nokkurra útskýringa. Í maímánuði síðastliðnum hafi ísskápurinn algerlega hætt að kæla. Þar sem skápurinn hafi aldrei verið í lagi að sínu viti hafi hann talað við Y um að gera eitthvað fyrir sig. Sér hafi verið boðinn nýr ísskápur sem hafi átt að kosta kr. 200.000 með afslætti sem hann hafi ekki þegið. Ísskápurinn hafi verið í vörslum fyrirtækisins frá því í maí síðastliðnum og sé enn. Álitsbeiðandi segist hafa fengið lánaðan ísskáp hjá fyrirtækinu en hann hafi einnig verið bilaður. Að endingu hafi hann keypt sér nýjan ísskáp hjá öðru fyrirtæki.

Álitsbeiðandi segir í bréfi, sem kæruneftndinni barst 22. september sl., að hann hafi ekkert skriflegt í höndunum um bilanir á skápnum. Hann hafi hins vegar talað við Z og fengið þær upplýsingar að á sig væru skráðar tvær færslur vegna ísskápsins. Önnur sé dags. 14. apríl 2004 og hin 9. júní sama ár.

IV

Andsvör gagnaðila

Andsvör álitseiddanda eru svohljóðandi:

„Við kaup á hlutum giltu önnur lög en eru í gildi í dag og ber að horfa til þeirra er kemur að þessu máli. Skv. álit NS þá er verið að styðjast við lög 48/2003 en það er alveg ljóst að þau eiga ekki við kaup sem áttu sér stað fyrir gildistöku þeirra.

Við höfum ekki aðrar upplýsingar er þær að litið var á skápinn tvisvar árið 2004 og leyst úr þeim vandræðum sem þá voru. Nú er langt um liðið, 2ja ára ábyrgðartíminn sem var í gildi skv. þágildandi lögum löngu liðinn og skápurinn sannarlega ekki í ábyrgð lengur og því ekki forsendur til að fjalla frekar um þetta mál efnislega.

V

Athugasemdir álitseiddanda

Í athugasemdum álitseiddanda fullyrðir álitseiddandi að skápurinn hafi verið til viðgerðar þrisvar sinnum á árinu 2004 þótt hann hafi ekki í höndunum gögn um eitt skiptið. Hins vegar fylgdi athugasemdunum reikningur, dags. 17. maí 2006, fyrir viðgerð á skápnun, skipti á heila. Kostaði sú viðgerð kr. 9.686 sem álitseiddandi kveðst hafa greitt. Það sé því ekki rétt sem seljandi segi að skápurinn hafi aðeins verið til viðgerðar í tvö skipti. Þó að gert hafi verið við skápin hafi hann aldrei virkað rétt og hafi hann ekki alltaf látið líta á skápin, enda hafi hann á þessum tíma verið krafinn um greiðslu fyrir viðgerð.

Álitseiddandi krefst þess að fá endurgreiddan framangreindan viðgerðarreikning. Endurgreiðslukrafan nemi því kr. 248.787, en dráttarvextir og seðilgjald sýnst vera innifalið í reikningsfjárhæðinni.

VI

Niðurstaða kæruneftdarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitseiddanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Lög um neytendakaup nr. 48/2003 tóku gildi 1. júní 2003 og segir í 2. mgr. 64. gr. laganna að þau gildi einvörðungu um þá samninga sem verði gerðir eftir gildistöku þeirra. Af þessu leiðir að um kaup álitseiddanda fer eftir lögum nr. 50/2000 um lausafjárkaup eins og þau voru áður en þeim var breytt með lögum nr. 48/2003 um neytendakaup. Í 1. og 2. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2000 sagði svo:

„Kaupandi glatar rétti sínum til þess að bera fyrir sig galla ef hann tilkynnir ekki seljanda án ástæðulauss dráttar frá því að hann varð galla var eða mátti verða hans var í hverju gallinn er fólgin. Í neytendakaupum er jafnframt heimilt að tilkynna þeim aðila um galla sem í samningi við seljanda hefur tekið að sér að bæta úr honum. Ef kaupandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki síðar borið gallann fyrir sig. Þetta gildir ekki ef seljandi hefur í ábyrgðaryfirlýsingu eða öðrum samningi tekið á sig ábyrgð vegna galla í lengri tíma.“

Í 17. gr. laganna sagði og segir m.a. eftirfarandi:

„Söluhlutur skal, hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi. Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:

- a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;
- b. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að kaupandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess;
- c. hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan;
- d. vera í venjulegum eða öðrum forsvaranlegum umbúðum sem nauðsynlegar eru til að varðveita og vernda hann.

...

Söluhlutur telst gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram koma í 1.–4. mgr.“

Samkvæmt því sem kemur fram í gögnum málsins bilaði ísskápur álitsbeiðanda og var til viðgerðar fjórum sinnum. Álitsbeiðandi segir að enn hafi ísskápurinn bilað, þ.e. í maímánuði sl., og hafi síðan verið í vörslum Y. Álitsbeiðandi segir og að ísskápurinn hafi alltaf verið vandræðagripur og annað slagið hætt að kæla en tekið að kæla á nýjan leik án þess að til viðgerðar á honum kæmi. Bilunin hafi lýst sér í því að píp hafi komið frá ísskápnum og hann hætt að kæla.

Fram kemur í gögnum málsins að fyrirtækið Z hafi skráð hjá sér að ísskápurinn hafi verið til viðgerðar 14. apríl og 9. júní 2004, eða áður en tvö ár voru liðin frá kaupnum. Engin ástæða er til þess að draga þá frásögn í efa enda kemur hún heim og saman við það sem segir í andsvörum seljanda. Fyrir liggur að það fyrirtæki annast viðgerðir fyrir seljanda. Þá er meðal gagna málsins reikningur fyrir þá viðgerð að skipta um svokallaðan „heila“ í ísskápnum frá 17. maí 2006. Þessi gögn styðja þá frásögn álitsbeiðanda að ísskápurinn hafi frá upphafi verið gallagripur og álitsbeiðandi hafi engan veginn haft fullt gagn af honum eins og hann mátti ætlast til við kaupin. Þá þykir mega byggja á því að ísskápurinn sé nú bilaður og óviðgerður. Með tilliti til þessa er það álit kærunefndarinnar að ísskápurinn hafi verið haldinn göllum í skilningi a og b-liðar 17. gr. laga nr. 50/2000 sem rakin er hér að framan.

Kærunefndin lítur svo á að með því að senda ísskápinn til viðgerðar 14. apríl og 9. júní hjá Z hafi álitsbeiðandi fullnægt ákvæðum 1. og 2. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2000 um kvörtun vegna galla á söluhlut, þ.e. að hann hafi kvartað vegna galla á skápnum innan þess tíma sem þar er tilskilinn og gert það án ástæðulauss dráttar, sbr. 1. mgr. 32. gr. Álitsbeiðandi segir gallann alltaf hafa lýst sér með sama hætti, þ.e. að ísskápurinn hafi hætt að kæla. Vel kann að vera að orsök gallans hafi verið eitthvað mismunandi á hverjum tíma en það breytir ekki því að líta verður svo á álitsbeiðandi hafi í upphafi fengið gallaðan söluhlut í hendur, að gallinn hafi verið viðvarandi og úr honum hafi seljandi ekki bætt.

Í 1. mgr. 30. gr. laga nr. 50/2000 segir svo:

„Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök kaupanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur kaupandi samkvæmt ákvæðum 31.-40. gr. krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs

samkvæmt ákvæði 42. gr. Réttur kaupanda til skaðabóta fellur ekki niður þótt hann geri aðrar kröfur eða þótt ekki sé unnt að halda slíkum kröfum fram.“

Krafa álitsbeiðanda eins og hún er sett fram er í raun krafa um riftun kaupanna og endurgreiðslu kaupverðs. Í 2. mgr. 39. gr. segir eftirfarandi:

„Kaupandi getur ekki rift kaupum, nema hann tilkynni seljanda um riftun án ástæðulauss dráttar frá því að hann fékk eða hefði átt að fá vitneskju um gallann eða eftir að frestur sá er útrunninn sem leitt getur af kröfu eða tilkynningu samkvæmt ákvæðum 34. eða 36. gr. Þetta gildir þó ekki ef seljandi hefur sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans stríðir að öðru leyti gegn heiðarleika og góðri trú.“

Samkvæmt því sem fram kemur í álitsbeiðni segist álitsbeiðandi hafa farið þess á leit við seljanda, líklega í maí 2008, að hann veitti sér einhverja úrlausn vegna bilunar á ísskápnum. Kærunefndin telur að á þessi tilmæli megi líta sem kröfu um riftun kaupanna en jafnframt er það álit hennar að sú krafa hafi verið of seint sett fram, sbr. ákvæði 2. mgr. 39. gr. laga nr. 50/2000 sem að framan er rakið, en á þessum tíma voru nærri 6 ár liðin frá því að kaupin voru gerð.

Kærunefndin álitur hins vegar að álitsbeiðandi hafi orðið fyrir tjóni vegna galla á ísskápnum, þ.e. endurtekinna bilana, og vegna þess að ekki verður betur séð en verulegur vafi leiki á því að hægt sé að gera við ísskápinn svo að hann endist til einhvern frambúðar. Verður hér að hafa í huga að ísskápar eru hlutir sem almennt má ætlast til að endist mun lengur en í 6 ár. Það verður einnig að hafa í huga að á þessum tíma hafði álitsbeiðandi töluverð not af ísskápnum þótt gallaður væri. Tjón af þessu tagi á kaupandi rétt á að fá bætt samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/2000. Það er hins vegar svo að tjón af þessu tagi verður ekki öðru vísi metið en að álitum og er það álit kærunefndarinnar að seljanda beri að greiða álitsbeiðanda kr. 140.000 í bætur.

VII

Álitsorð

Seljandi, Y, skal greiða álitsbeiðanda, X, kr. 140.000.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

